

## Bjarni Alexandersson

Stofnfélagi Snæfellings og formaður þess árið 1969 og stjórnarmaður árum saman. Hefur í gegnum árin stutt starf Snæfellings á margan hátt og lagði mikið af mörkum í uppbyggingu Kaldármela, starfaði á mótum og tók þátt í keppni. Bjarni kom einnig að vinnu við hrossaræktardeild Snæfellings og HrossVest. Hann var hvatamaður að uppsetningu áningagerðis í Stakkhamarsnesi, fann því stað og vann að uppsetningu. Stakkhamarshrossin eru þekkt fyrir sköruglega framgöngu og hafa Bjarni og fjölskylda náð ágætum árangri í hrossarækt. Bjarni hefur hlotið Þotuskjöldinn sem veittur er þeim félagsmanni í Snæfellingi sem lagt hefur mikið af mörku í þágu félagsins, hann er heiðursfélagi í Snæfellingi og hefur hlotið heiðursmerki HrossVest. Bjarni Alexandersson hlýtur Gullmerki Landssambands hestamannafélaga.